

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um starfsmannahald Landsvirkjunar.

Þar sem umbeðnar upplýsingar vörðuðu Landsvirkjun og þær lágu ekki fyrir í fjármálaráðuneytinu fór ráðuneytið fram á það við Landsvirkjun að hún tæki upplýsingarnar saman og sendi ráðuneytinu.

Hér á eftir fara svör Landsvirkjunar við fyrirspurninni.

### 1. Hvaða reglur gilda um ráðningu starfsfólks hjá Landsvirkjun?

Svo sem kunnugt er gilda sérstök lög um Landsvirkjun, lög nr. 42 frá 1983, með síðari breytingum. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Landsvirkjun telst því ekki til hefðbundinna stofnana ríkisins. Í 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun segir að stjórn Landsvirkjunar ráði forstjóra fyrirtækisins. Í 2. mgr. sömu greinar segir að stjórn og forstjóri fari með stjórn fyrirtækisins og í 3. mgr. sömu greinar að forstjóri annist daglegan rekstur fyrirtækisins. Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar, sbr. 7. mgr. 6. gr. laganna. Slíkar reglur hefur stjórn fyrirtækisins sett. Í starfsreglunum, grein 11.9, segir um ráðningar í störf hjá fyrirtækinu: „Forstjóri ræður starfsmenn til fyrirtækisins, segir þeim upp og semur við þá um launakjör. Forstjóri skal þó hafa samráð við stjórnarformann um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra einstakra sviða Landsvirkjunar.“

Þá hafa jafnframt verið settar verklagsreglur innan Landsvirkjunar um ráðningu nýrra starfsmanna. Þar segir meðal annars:

„Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu í samræmi við lög Landsvirkjunar nr. 42/1983 með síðari breytingum, sameignarfélagssamning Landsvirkjunar og starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða jafnframt alla aðra starfsmenn að fenginni tillögu viðkomandi deildarstjóra.

Deildarstjórar gera tillögu til framkvæmdastjóra um ráðningu nýrra starfsmanna hver í sinni deild að fenginni umsögn viðkomandi undirmanns í þeim tilvikum sem það á við.

Stjórnandi ákveður aðferð við ráðningu sem er auglýst innanhúss eða utanhúss og gætir þess að fá samþykki forstjóra ef ekki á að auglýsa utanhúss. Staðfesting á samþykki forstjóra er send til varðveislu á starfsmannasviði.“

Almenn regla Landsvirkjunar er sú að auglýsa laus störf hjá fyrirtækinu, en frávik má þó finna frá þeirri reglu, eins og fram kemur á ráðningayfirliti árána 2000–2010 í fskj. I. Nánari lýsingu á ráðningaferli fyrirtækisins má finna í verklagsreglum Landsvirkjunar um ráðningar og starfslok, sjá fskj. II.

2. *Hversu mörg störf hafa verið auglýst hjá Landsvirkjun frá árinu 2000 og hverjir voru ráðnir í þau störf?*

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram í hversu mörg störf hefur verið ráðið hjá Landsvirkjun frá upphafi árs 2000 til ársloka 2010. Jafnframt kemur fram hvaða störf hafa verið auglýst og hver ekki. Á framangreindu tímabili var ráðið í 170 störf, þar af voru 98 störf auglýst bæði utan húss og innan og 12 innan húss. Þá er á meðfylgjandi yfirliti ekki getið um ráðningar í tímabundin störf og sumarstörf námsfólks enda eru sumarstörfin einnig tímabundin. Sumarstörfin eru þó almennt auglýst á vef fyrirtækisins.

3. *Hafa einhverjir verið ráðnir án auglýsingar á framangreindu tímabili og þá hverjir?*

Á tímabilinu hafa 60 einstaklingar verið ráðnir án auglýsingar, svo sem fram kemur í meðfylgjandi yfirliti. Sú aðferð brýtur ekki í bága við starfsreglur stjórnarinnar, sbr. áður tilvitnaða grein 11.9. Rétt er að taka fram að frá miðju ári 2008 var verklagi við ráðningar breytt á þann hátt að allar lausar stöður eru auglýstar a.m.k. innan húss.

## Fylgiskjal I.

### Ráðningar Landsvirkjunar 2000–2010.

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
<b>2000</b>						
Páll Garðar Pálsson	tæknifræðingur Búrfelli	3.1.2000			x	
Sigfús Jóhannesson	tæknifræðingur, kerfisstjórn	10.1.2000	x			
Anna Elín Bjarkadóttir	sérfræðingur, bókasafni	3.4.2000	x			
Björn Stefánsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	12.5.2000			x	
Elín Pálsdóttir	yfirmaður launamála	12.5.2000	x			
Lárus Guðmundsson	sérfræðingur, tölvudeild	3.7.2000	x			
Svava Ásdís Sigurðardóttir	skrifstofumaður, innkaupum	31.7.2000	x			
Ragnhildur Vigfúsdóttir	deildarstjóri, starfsþróun	22.8.2000	x			
Guðlaugur Þórarinsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.12.2000			x	
Svanhildur Arnmundsdóttir	tækniteiknari	1.12.2000			x	
Baldur Bragason	sérfræðingur, tölvudeild	29.12.2000		x		
<b>2001</b>						
Bjarni Bjarnason	framkvæmastjóri orkusviðs	1.1.2001			x	
Ófeigur Hjaltsted	innkaupafulltrúi	12.1.2001		x		
Ásgeir Eggertsson	vefstjóri	22.1.2001		x		
Ásbjörn S Þorleifsson	yfirmaður áhættustýringar	1.2.2001		x		
Jóhann Kröyer	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.2.2001			x	
Óli Fjalar Böðvarsson	rafvirki, Sogi	1.2.2001	x			
Magni Hagalín Sveinsson	rafvirki, Sogi	5.2.2001	x			
Pálmi Haraldsson	gjalddeyrismiðlari, fjármáladeild	8.2.2001	x			
Helgi Óskar Óskarsson	yfirmaður viðskiptaáætlana	26.3.2001	x			
Hallgrímur Halldórsson	verkfræðingur, kerfisstjórn	10.5.2001	x			
Guðmundur Valsson	yfirmaður upplýsingakerfa, kerfisstjórn	15.6.2001		x		
Rán Jónsdóttir	stöðvarstjóri OAB	1.7.2001	x			
Sveinbjörn Júlíusson	rafvirki, Hrauneyjafossi	1.10.2001		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Georg Pálsson	aðstoðarstöðvarstjóri Tungnaársvæðis	1.10.2001		x		
Oddný Ó. Sverrisdóttir	innkauparitari	2.10.2001		x		
Einar Mathiesen	deildarstjóri aflstöðvadeildar	15.10.2001		x		
Árni Benediktsson	deildarstjóri tækni­eildar	15.10.2001			x	
Ásgeir Geirsson	yfirmaður notendapjónustu, tölvudeild	25.10.2001		x		
Indriði Hauksson	vélfræðingur, Blöndu	1.11.2001		x		
Guðfinna Stefánsdóttir	ritari starfsmannasviðs	2.11.2001		x		
Hildur Hrólfssdóttir	verkfræðingur á flutningssviði	3.12.2001			x	
<b>2002</b>						
Árni Gunnarsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	2.1.2002			x	
Bjarni Pálsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	2.1.2002			x	
Sigvaldi K. Jónsson	rafeindavirki, fjarskiptamálum	3.1.2002		x		
Anna Kr. Davíðsdóttir	matráður, stjórnstöð	8.2.2002			x	
Guðlaug Jónsdóttir	húsvörður, stjórnstöð	8.2.2002			x	
Einar Kristjánsson	sérfræðingur, fjármáladeild	13.3.2002			x	
Árni Stefánsson	yfirmaður netrekstrar	12.4.2002		x		
Árni Benediktsson	deildarstjóri vélbúnaðardeildar	1.5.2002			x	
Ólöf Nordal	yfirmaður heil­dsölu	2.5.2002		x		
Guðlaugur Sigurgeirsson	yfirmaður upplýsingakerfa, kerfisstjórn	8.5.2002		x		
Guðrún Steinarsdóttir	innkaupamaður	20.8.2002		x		
Stefán Pétursson	framkvæmdastjóri fjármálasviðs	1.9.2002			x	
Örn Marinósson	skrifstofustjóri á skrifst. forstjóra	1.9.2002			x	
Kristján Gunnarsson	deildarstjóri fjármáladeildar	1.9.2002			x	
Pétur Ingólfsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.9.2002			x	
Helgi Sigurjónsson	aðstoðarstöðvarstjóri Tungnaársvæðis	2.9.2002		x		
Ásbjörg Kristinsdóttir	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	16.9.2002			x	
Hulda Katla Sæbergssdóttir	bakvinnsla, fjármáladeild	27.9.2002		x		
Ragnar Guðmannsson	flutningsvakt fjargæslu	1.11.2002			x	
Ómar Imsland	deildarstjóri grunnnets	6.12.2002			x	
<b>2003</b>						
Andrés Bjarnason	vélfræðingur, Laxá	1.1.2003		x		
Arthur Pétursson	matreiðslumeistari H-68	2.1.2003		x		
Lúðvík Ögmundsson	öryggis­stjóri	10.1.2003		x		
Hulda Pjetursdóttir	yfirmaður lánamála	17.1.2003			x	Auglýst áður án árangurs
Jóel Sverrisson	vélfræðingur, Búrfelli	1.2.2003		x		
Ófeigur Hjaltsted	deildarstjóri þjónustudeildar	1.4.2003		x		
Kristján Kristinsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	7.4.2003		x		
Einar Erlingsson	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	23.4.2003		x		
Sverrir Sigursveinsson	sérfræðingur, reikningshaldi	14.5.2003			x	
Hrönn Hjálmarsdóttir	kynningarfulltrúi Kárahnjúka-virkjunar	19.5.2003		x		
Ásdís B Jónsdóttir	innkaupafulltrúi	3.6.2003		x		
Aðalsteinn Guðmannsson	sérfræðingur, grunnneti	14.8.2003		x		
Ingvar Hafsteinsson	stöðvarstjóri Mývatnssvæðis	1.9.2003		x		
Bjarni Már Júlíusson	deildarstjóri tækni­eildar	1.9.2003		x		
Gerða T. Pálsdóttir	skrifstofumaður, innkaupum	2.9.2003		x		
Katrín Gróa Jóhannsdóttir	aðstoð, mótuneyti H-68	4.9.2003			x	

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Sigrún Ólafsdóttir	matráðskona, stjórnstöð	12.9.2003		x		
Ína Karlotta Árnadóttir	skrifstofumaður, þjónustudeild	1.10.2003			x	
Kristján Halldórsson	sérfræðingur, kerfisstjórn	1.10.2003			x	
Martha Eiríksdóttir	yfirmaður markaðsmála, kerfisstjórn	10.10.2003			x	
<b>2004</b>						
Árni Stefánsson	deildarstjóri eignastýringar flutningasviðs	1.1.2004			x	
Óli Grétar Blöndal Sveinsson	deildarstjóri rannsóknardeildar VF-sviðs	15.5.2004			x	
Stefán Svavarsson	aðstoðardeildarstjóri reikningshalds	1.9.2004			x	
Eiríkur Sigurjón Svavarsson	yfirmaður heildsölu	15.9.2004		x		
Guðrún Edda Baldursdóttir	skrifstofumaður, innkaupum	22.9.2004			x	Fengnir umsækjendur á skrá hjá Mannafli
<b>2005</b>						
Ragnar Þórhallsson	sérfræðingur, rannsóknardeild	25.1.2005			x	
Hildur Ríkarósdóttir	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.4.2005			x	Auglýst áður án árangurs
Sólveig Dagmar Bergsteinsdóttir	aðstoðarkynningarfulltrúi Kárahnjúka	13.4.2005			x	
Guðni Árnason	stöðvarvörður Búrfelli	23.5.2005		x		
Valgeir Jónasson	stöðvarvörður Búrfelli	30.5.2005			x	Hafði áður verið í afleysingum
Edward Westlund	sérfræðingur, reikningshaldi	6.6.2005			x	
Kristín S Konráðsdóttir	deildarstjóri reikningshalds	13.6.2005			x	Auglýst áður án árangurs
Þorgerður Marinósdóttir	sérfræðingur, reikningshaldi	16.9.2005			x	
Garðar Héðinsson	stöðvarvörður Laxá og Kröflu	10.10.2005		x		
Ármann Jónsson	yfirmaður áhættustýringar	1.12.2005		x		
<b>2006</b>						
Rúnar Sigurðsson	verkefnisstjóri á Kárahnjúkum	1.1.2006	x			
Ásgerður Ágústsdóttir	skrifstofumaður FI	19.1.2006			x	
Ormar Gylfason Líndal	gjalddeyrismiðlari FF	1.2.2006			x	Auglýst áður án árangurs
Guðmundur R Stefánsson	stöðvarstjóri Blöndu	1.3.2006		x		
Daði Viðar Loftsson	vinnslustjóri Þjórsársvæðis	15.3.2006		x		
Helgi Bjarnason	verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði	1.4.2006			x	
Gunnar Örn Gunnarsson	deildarstjóri viðskiptaþróunar	1.5.2006		x		
Óskar Þorsteinsson	stöðvarvörður Sogi	1.6.2006		x		
Sigurður Guðni Guðnason	verkefnalóðs, tæknideild	1.6.2006		x		
Jónas Sigurgeirsson	viðhaldsstjóri Blöndu	1.6.2006		x		
Grimur Lúðviksson	stöðvarvörður Sogi	15.6.2006		x		
Georg Pálsson	stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar	1.8.2006			x	
Kristjana Pálsdóttir	ræsting Laxá	1.8.2006			x	
Margét Þórisdóttir	símavarsla H-68	20.9.2006		x		
Ingvar Sigurðsson	yfirmaður mótuneytis H-68	1.10.2006		x		
Hermann Jóhannesson	verkefnisstjóri, tæknideild	3.10.2006			x	
Pétur Pétursson	innkaupastjóri	1.10.2006			x	Auglýst áður án árangurs
Margrét Svavarsdóttir	bókari, reikningshaldi	14.11.2006		x		
Sindri Óskarsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.12.2006		x		
Sverrir H Sveinbjörnsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.12.2006		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
<b>2007</b>						
Ágúst Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	1.1.2007		x		
Einar Kristjánsson	deildarstjóri hagdeildar	1.1.2007			x	
Laufey B Hannesdóttir	sérfræðingur, rannsóknardeild	1.1.2007			x	hafði unnið sem verk-taki í málaflokknum
Jóhann S. Bjarnason	viðhaldsstjóri Sogi	1.1.2007		x		
Sigurbjörg Einarsdóttir	eldhús H-68	12.1.2007	x			auglýst innanhúss / vinna.is
Ragnhildur Ágústsdóttir	eldhús H-68	15.1.2007	x			auglýst innanhúss/ vinna.is
Dagbjartur Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	5.2.2007		x		
Hermann Unnsteinn						
Emilsson	viðhaldsstjóri Fljótsdal	1.4.2007			x	
Ívar G Jóhannsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Sigurbjörg Örn Arnarson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Vihjálmur Jónsson	stöðvarvörður, Fljótsdal	12.3.2007		x		
Unnur María Þorvaldsdóttir	yfirmaður heilðsölu	1.4.2007		x		
Magnús Gehringer	yfirmaður erlendra viðskipta-þróunar	2.5.2007		x		
Davíð Ólafur Ingimarsson	yfirmaður lánamála, fjármáladeild	1.6.2007		x		
Guðmundur Björnsson	sérfræðingur, viðskiptaborði	15.6.2007	x			hafði áður unnið sem nemi
Steinar Guðjónsson	stöðvarvörður, Sogi	14.8.2007			x	
Steinn Hafliðason	sérfræðingur, hagdeild	1.9.2007			x	
Magnea Friðriksdóttir	bókari, reikningshaldi	31.10.2007		x		
Benedikt H Ingvarsson	stöðvarvörður, Búrfelli	1.11.2007			x	upphaflega ráðinn til afleysinga
Bjarki Pálsson	stöðvarvörður, Búrfelli	10.12.2007		x		
<b>2008</b>						
Agnar Olsen	skrifstofustjóri skrifst. forstjóra	1.1.2008			x	
Gunnhildur Kjartansdóttir	skrifstofumaður, starfsmannasviði	4.1.2008		x		
Margrét Jónsdóttir	ræstingar, Sogi	7.1.2008			x	
Árni Benediktsson	þróunarstjóri orkusviðs	1.2.2008			x	
Einar Mathiesen	framkvæmdastjóri orkusviðs	1.2.2008			x	
Guðfinna Stefánsdóttir	gjaldkeri	1.2.2008			x	
Guðrún Kristjánsdóttir	simvörður H-68	1.2.2008			x	
Jóhann Þór Jóhannsson	sérfræðingur, áhættustýringu	13.5.2008			x	hafði unnið áður sem nemi
Bryndís Hannesdóttir	sérfræðingur, reikningshaldi	28.5.2008		x		
Ágúst Rafnsson	sérfræðingur, tölvudeild	9.6.2008		x		
Jón Sveinsson	yfirmaður lögfræðimála	15.6.2008		x		
Anna Elín Bjarkadóttir	deildarstjóri upplýsinga-miðstöðvar	1.7.2008			x	
Sverre Jakobsson	sérfræðingur, fjármáladeild	1.8.2008		x		
Valdimar J. Björnsson	stöðvarvörður Blöndu	1.8.2008		x		
Þórhalla Valgeirsdóttir	ræstingar Kröflu	1.8.2008		x		
Hrafnhildur Tryggvadóttir	sérfræðingur á upplýsingamiðstöð	15.8.2008		x		
Þóra María Guðjónsdóttir	skrifstofumaður, starfsmannasviði	15.8.2008			x	hafði unnið áður sem nemi
Hrefna Sigurgeirsdóttir	ræstingar Laxá	2.10.2008		x		
Árni Óðinsson	stíflueftirlits- og vatnamælinga-maður á Kárahnúkasvæði	15.12.2008		x		
<b>2009</b>						
Valdemar Sveinsson	húsvörður/bílstjóri H-68	1.1.2009	x			
Eggert Guðjónsson	deildarstjóri viðskiptaborðs					
	orkusviðs	1.2.2009	x			
Geir Arnar Marelsson	lögfræðingur	1.2.2009		x		
Steinn Ágúst Steinsson	stöðvarstjóri Mývatnssvæðis	1.6.2009		x		

Nafn	Starfsheiti	Byrj. dags.	Augl. innan	Augl. utan	Ekki auglýst	Aths.
Hörður Arnarson	forstjóri	15.10.2009		x		
Vésteinn Vésteinsson	viðhaldsstjóri, Kröflu	1.11.2009	x			
<b>2010</b>						
Aníta Júlíusdóttir	skrifstofumaður aflstöðvadeildar	15.1.2010		x		
Snæfríður Einarsdóttir	stöðvarvörður Laxá og Kröflu	1.2.2010		x		
Sigurður Guðni Sigurðsson	deildarstjóri aflstöðvadeildar	15.2.2010		x		
Gústaf Jóhannsson	stöðvarvörður, Kröflu	15.2.2010	x			
Anna Guðný Hermannsdóttir	verkefnalóðs, tæknideild	19.2.2010		x		
Magnús Bjarnason	framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs	1.4.2010		x		
Þórólfur Nielsen	sérfræðingur, markaðs- og viðskiptaþróunarviðs	17.3.2010		x		
Ragna Sara Jónsdóttir	yfirmaður samskiptasviðs	8.3.2010	x			Einnig rætt við utanhússaðila hjá Capacent
Sindri Óskarsson	viðhaldsstjóri, Fljótssdal	15.5.2010	x			
Þórdís Steinsdóttir	sérfræðingur, hagdeild	15.4.2010	x			Einn ums. um stöðu sérfræðings á markaðssviði
Finnur Freyr Magnússon	stöðvarvörður, Fljótssdal	1.6.2010		x		
Jón Arnar Emilsson	verkefnisstjóri, tæknideild	1.6.2010		x		
Raífar Lárusson	framkvæmdastjóri fjármálasviðs	15.11.2010		x		
Óli Grétar Sveinsson	framkvæmdastjóri þróunarviðs	8.10.2010		x		
Ragnhildur Ágústsdóttir	móttaka og símsvörun	1.11.2010	x			
Gunnlaugur Ásgeirsson	stöðvarvörður, Búrfelli	25.11.2010		x		
Hrefna Garðarsdóttir	aðstoð í mötuneyti H-68	29.10.2010		x		
Ragna Árnadóttir	skrifstofustjóri á skrifstofu forstjóra	29.11.2010	x			Einnig rætt við utanhússaðila hjá Capacent
<b>Samtals</b>		<b>170</b>	<b>12</b>	<b>98</b>	<b>60</b>	

**Fylgiskjal II.**

VKL-14  
Ráðning og starfslok

## Landsvirkjun

### 1. Tilgangur og umfang

Að lýsa verklagi við ráðningu, móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna og starfslokum hjá Landsvirkjun og dótturfyrirtækjum.

### 2. Ábyrgðarskipting

Stjórn ber ábyrgð á ráðningu forstjóra.

Forstjóri ber ábyrgð á ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna á skrifstofu forstjóra. Hann ráðfærir sig við framkvæmdastjóra starfsmannasviðs óski hann eftir að ráða framangreinda starfsmenn án auglýsinga utanhúss.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á ráðningu starfsmanna innan síns sviðs og móttöku og þjálfun deildarstjóra.

Deildarstjórar bera ábyrgð á móttöku og þjálfun starfsmanna innan deildar.

Starfsmannasvið ber ábyrgð á að viðhalda ráðningaferli Landsvirkjunar og koma að ráðningu, móttöku og þjálfun starfsmanna þar sem þess er krafist. Sviðið ber einnig ábyrgð á að tilkynna viðkomandi skriflega um starfslok vegna aldurs.

Viðkomandi yfirmaður ber ábyrgð á framkvæmd móttöku og þjálfunar starfsmanns.

### 3. Ráðningarform

Starfsmenn Landsvirkjunar skiptast í eftirfarandi flokka eftir því sem þeir eru ráðnir:

- Fastráðna starfsmenn, sem ráðnir eru í varanlega stöðu með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti til að vinna þar aðalstarf sitt gegn reglulegum launagreiðslum og eru því opinberir sýslunarmenn, sem njóta réttinda og bera skyldur starfsmanna ríkisins.
- Stöðuráðna starfsmenn, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða í varanlega stöðu til að vinna þar aðalstarf sitt gegn reglulegum launagreiðslum.
- Lausráðna starfsmenn, sem ráðnir eru tímabundið, til skemmri tíma en eins árs svo sem til afleysinga og sumarvinnu, ennfremur þeir sem ráðnir eru til ákveðinna tímabundinna verkefna þótt til lengri tíma sé.

### 4. Ráðning nýrra starfsmanna

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu í samræmi við lög Landsvirkjunar nr. 42/1983 með síðari breytingum, sameignarfélagssamning Landsvirkjunar og starfsreglur stjórnar Landsvirkjunar.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða deildarstjóra.

Framkvæmdastjórar hver á sínu sviði ráða jafnframt alla aðra starfsmenn að fenginni tillögu viðkomandi deildarstjóra.

Deildarstjórar gera tillögu til framkvæmdastjóra um ráðningu nýrra starfsmanna hver í sinni deild að fenginni umsögn viðkomandi undirmanns í þeim tilvikum sem það á við.

Starfsmannasvið setur upp og viðheldur ráðningarferlum fyrir stjórnendur. Þar er leiðbeint um hvernig farið er að lögum og kjarasamningum við ráðningar starfsmanna, hvernig störf

## **Ráðning og starfslok VKL-14**

eru auglýst ofl.

Stjórnendur (sbr hér að ofan) fara eftir ráðningarferlum við fast- og lausráðningar starfsmanna skv. flæðiriti í kafla 4 "Flæðirit um fastráðningu" og kafla 5 "Flæðirit um lausráðningu".

Stjórnandi óskar eftir heimild til fast- eða lausráðningar starfsmanna með því að fylla út EYD-169 "Starfsgreining", og sendir viðkomandi yfirmanni. Viðkomandi yfirmaður samþykkir eða hafnar umsókn um að setja af stað ráðningarferli með áritun sinni á eyðublaðið. Áritaða eintakið er vistað í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og krækja með les- og skrifaðgangi send til starfsmannasviðs.

Stjórnandi ákveður aðferð við ráðningu sem er auglýst innanhúss eða utanhúss og gæfir þess að fá samþykki forstjóra ef ekki á að auglýsa utanhúss. Staðfesting á samþykki forstjóra er send til varðveislu á starfsmannasviði.

Störf, sbr. 1. og 2. tl. 3. gr., skal að jafnaði auglýsa með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Heimilt er að taka til greina umsóknir sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur.

Stjórnandi fyllir út EYD-170 "Fyrirhuguð ráðning starfsmanns" og kynnir sér minnisatriði um skorður á ráðningu á eyðublaðinu. Áritaða eintakið er vistað í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og krækja með les- og skrifaðgangi send til starfsmannasviðs.

Stjórnandi gerir starfslýsingu EYD-171 "Starfslýsing", byggða á starfsgreiningu og vistar í skjalavistunarkerfi (Focal) LV og sendir krækju með les- og skrifaðgangi til starfsmannasviðs.

Stjórnandi tekur ákvörðun um að hversu miklu leyti aðstoðar starfsmannasviðs og ráðningarþjónustu er óskað við gerð auglýsingar og mat og val á umsækjendum.

Stjórnandi leitar eftir samþykki viðkomandi framkvæmdastjóra þegar umsækjandi hefur verið valinn og af því fengnu sér starfsmannasvið um formsatriði við ráðningu.

Nýir starfsmenn sem ráðnir eru í störf samkv. 1. og 2. tl. 3. gr., skulu almennt ráðnir til reynslu í a.m.k. þrjú mánuði, og skal gerður við þá skriflegur ráðningarsamningur. Lausráðnir starfsmenn fá ráðningarbréf.

Móttaka starfsmanns og nýliðaþjálfun er sameiginlegt verkefni starfsmannasviðs og stjórnanda sbr.

GAT-159 "Móttaka nýrra starfsmanna"

GAT-160 "Flutningur starfsmanns milli starfa"

GAT 263 "Móttaka lausráðinna starfsmanna".

EYD-201 "Tilkynning um nýjan starfsmann eða tilflutning í starfi"

EYD-255 "Tímabundin ráðning"

### **5. Aukastörf**

Fastráðnum og stöðuréðnum starfsmönnum, sbr. 1. og 2. tl. 3. gr., er óheimilt án leyfis forstjóra að taka að sér störf fyrir aðra, enda kunni störfin að áliti forstjóra að vera ósamrýmanleg stöðu hlutaðeigandi starfsmanns.

Fastráðinn eða stöðuréðinn starfsmaður þarf ennfremur leyfi forstjóra til að taka þátt í atvinnurekstri og til að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis.

Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart Landsvirkjun.

### **6. Starfslok**

Almennur gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir en í einstaka kjarasamningum er hann lengri hafi ákveðnum lífaldri verið náð.

Forstjóri hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í



**Ráðning og starfslok VKL-14**

ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið, fellur úr gildi við lok gildistíma án sérstakrar uppsagnar.

Skylt er að veita starfsmanni áminningu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 70/1996 og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru tilgreindar. Áminning leiðir þannig ekki óhjákvæmilega til uppsagnar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri fyrirtækisins.

{...}

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum þannig að starfslok miðist við næstu mánaðamót eftir að hann nær 70 ára aldri.

Við lok ráðningar er fylgt verklagi samkvæmt gátlista GAT- 250 "Starfslok".